

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

13. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 9. október 1995 og hófst hann kl. 14:00.

Mættir voru:

Sigbjörn Björnsson, Guðbrandur Kjartansson, Sigfús Guðmundsson, Halldór Gunnarsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigurður Þórhallsson, Kristmundur Halldórsson, Guðmundur Jónsson og Ágúst Oddsson.

Guðbrandur varaformaður L.H. setti fund og bauð menn velkomna þar sem formanni seinkaði lítillega.

## 1. Undirbúningur 46. ársþings framhald.

Kosning kjörbréfanefndar:

Birgir R. Gunnarsson, Elísabet Þ. Þórólfsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir.

Framsögumenn um þema þingsins "*Framlag hestamanna og hestamennsku til þjóðfélagsins*" verða:

Einar Bollasson, Þórarinn Sólmundarson og Birgir Porgilsson.

Formenn nefnda verða eftirtaldir:

Keppnisnefnd: Marteinn Valdimarsson, Glað.

Fjárhagsnefnd: Jón Ólafur Sigfússon, Létti.

Fræðslu- og útgáfunefnd: Sveinn Fjeldsted, Fáki.

Kynbótanefnd: Árni Jóhannsson, Geysi.

Allsherjarnefnd: Hallgrímur Jónasson, Gusti.

Ferða- og umhverfisnefnd: Sveinbjörn Eyjólfsson, Herði.

Æskulýðsnefnd: Ákveðið síðar.

Sigurði falið að tala við ofanritaða aðila varðandi formennsku í nefndum.

Formanni falið að finna formann æskulýðsnefndar.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að athuga með þingforseta og aðalritara þingsins í samráði við Andvara.

## 2. Tillögur sem liggja fyrir þinginu.

Stjórnin fjallaði um tillögur sem borist hafa frá einstökum hestamannafélögum og milliþinganeftendum. Vitað er að tillögur eiga eftir að berast. Fjárhagsáætlun stjórnar lá fyrir og hljóðar hún upp á kr. 8.500.000 sem er hálfri milljón króna hærri en ársins 1994.

Stjórnin fjallaði ítarlega um tillögur keppnisnefndar (milliþinganeftendar). Í tillögum nefndarinnar koma fram töluvert miklar breytingar á núverandi reglum um gæðinga- barna og ungingakeppni. Sigurði falið að ræða við formann keppnisnefndar um leiðréttningar (stafsetningarvillur) og feitletraða málsgrein um þátttökurétt ræktunarsambanda á lands- og fjórðungsmótum. Greinin fjallar um keppnishesta og eigendur 1. gr.

Þá var Sigurði falið að óska eftir því við Þorvald Ágústsson (situr í keppnisnefnd) að hann kynni tillögur keppnisnefndar á ársþinginu þegar tillögur verða lagðar fram.

### **3. Sameiningarmál L.H. og HÍS og skipuritsskýrsla.**

Formaður greindi frá fundi fulltrúa L.H. og HÍS um skipuritsskýrslu og sameiningarmál samtakanna. Formannafundur HÍS sem haldinn var nýlega lýsti áhuga á sameiningu LH. og HÍS.

Fundur fulltrúa stjórna L.H. og HÍS var haldinn 3. okt. s.l. Af hálfu L.H. mættu Guðmundur, Guðbrandur, Sigfús og Kristmundur, en af hálfu HÍS mættu Jón Albert, Sigrún Ólafsdóttir og Sævar Kristjánsson.

Á fundinum voru málin rædd í víðu samhengi og ákveðið að næsta skref yrði að ræða við forsvarsmenn ÍSÍ um afstöðu þeirra til sameiningar. Þá voru á þessum fundi rædd eftirtalin málefni:

- a) Agamál (sameining reglugerðar).
- b) Framlag Framleiðnisjóðs.
- c) Samningur við Flugleiðir o.fl.

Stjórn L.H. mun gera grein fyrir stöðu sameiningarmálsins á ársþinginu í Garðabæ. Formanni og varaformanni falið að útbúa þingskjal um þetta efni til upplýsinga fyrir þingfulltrúa.

### **4. Gestir þingsins í Garðabæ.**

Formaður kom með tillögu að gestalista. Hann var ræddur og samþykktur. Sigurði falið að senda öllum gestum boðsbréf.

Á þinginu mun formaður minnast eftirtalinna félaga sem létust á árinu: Erlingur A Jónsson, Sigurður Óskarsson, Óli M Ísaksson, Hákon Kristinsson.

### **5. Dagskrá þingsins.**

Sigurður Þórhallsson sagði frá því að dagskrá þingsins yrði með hefbundnum hætti. Hún verður send út með öðrum þingögnum til þingfulltrúa.

### **6. Önnur mál.**

Formaður greindi frá fyrirhuguðum fundi með eyfirsku félögunum og stjórn Melgerðismela s.f. um undirbúning Landsmótsins 1998. Fundurinn verður haldinn á Akureyri 13. okt. n.k. Af hálfu stjórnar munu mæta Guðmundur, Guðbrandur, Halldór og Sigfús en hann baðst frá því.

Talsverðar umræður urðu um þessi mál og menn ekki á alveg eitt sáttir. Menn þó sammála um að gera hlut L.H. stærri en áður.

Sigurður P. benti á að sækja bæri fé utanað til styrktar næsta Landsmóti s.s. frá ferðamálageiranum, Bændasamtökunum og Framleiðnisjóði og víðar að ef mögulegt væri.

Sigbjörn benti á að sýningarréttur að landsmótum væri mjög vannýttur, hann ætti mögulega að geta gefið mun meira fé samtökunum til handa og að rétt sé að leita álits fagmanna þar á.

FM'96. Verið er að ganga frá samningum. Búið er að ráða Fannar Jónasson sem framkvæmdastjóra.

Síðasti fundur þessarar stjórnar boðaður fimmtudaginn 26.10. n.k. hjá þeim Andvaramönnum kl. 20:30.

Fleira ekki tekið fyrir og sleit formaður fundi.

Guðbrandur Kjartansson,  
Sigbjörn Björnsson  
Jón Bergsson  
Sigurgeir Bárðarson

Ágúst Oddsson.  
Kristmundur Halldórsson  
Sigfús Guðmundsson  
Guðmundur Jónsson